

Akranesi 20. maí 2020

**Kristján Sturluson, sveitarstjóri Dalabyggðar**

**Miðbraut 11**

**370 Búðardal**

**Efni: Svar við erindi um að Heilbrigðisstofnun Vesturlands taki við rekstri Dvalar- og hjúkrunarheimilisins Silfurtúns.**

Þann 4. maí sl. barst tölvupóstur sem fylgdi bréf dags. 30. apríl 2020 þar sem óskað er eftir afstöðu Heilbrigðisstofnunar Vesturlands (HVE) til þess að taka yfir rekstur Dvalar- og hjúkrunarheimilisins Silfurtúns. Í bréfinu kemur fram að Dalabyggð telji margvísleg tækifæri og þá einkum faglega að Silfurtún verði hluti af HVE og bendir á að fyrir séu fordæmi innan HVE á Hólmavík og á Hvammstanga.

HVE veitir almenna og sérhæfða heilbrigðisþjónustu í heilbrigðisumdæmi Vesturlands og kjarnastarfsemin skiptist á þrjú málefnaði eftir meginviðfangsefnum þ.e. heilsugæslusvið, sjúkrasvið og hjúkrunarsvið. Hlutverk hjúkrunarsviðs HVE er að starfrækja hjúkrunarrými á starfsvæðinu þar sem slík þjónusta er ekki veitt af öðrum. Rekstur dvalarrýma fellur ekki að hlutverki HVE og ekki eru áform um að stofnunin taki yfir rekstur dvalar- og hjúkrunarheimila sem fyrir er á hendi sveitarfélaga eða annarra. Varðandi það að HVE reki hjúkrunardeildir á Hvammstanga og á Hólmavík þá er skýringin sú að fyrir daga HVE voru þar heilbrigðisstofnanir á vegum ríkisins með heilsugæslustöð og legudeildir þar sem voru og eru enn í dag samrekin hjúkrunarrými og almenn sjúkrarými.

Ekki hefur verið rætt um að aðskilja hjúkrunardeildir HVE frá öðrum rekstri en fyrir slíku er nýlegt fordæmi á Suðurlandi þar sem hjúkrunarheimilið Skjólgarður var aðskilið frá rekstri Heilbrigðisstofnunar Suðurlands á Höfn í Hornafirði og fært yfir til sveitarfélagsins en HSU sér um rekstur heilsugæslunnar og sjúkraflutninga.

Framkvæmdastjórn HVE hefur farið yfir erindið og telur að ofansögðu engar forsendur fyrir því að stofnunin taki yfir rekstur Silfurtúns en leggur áherslu á áframhaldandi gott samstarf milli HVE, Silfurtúns og Dalabyggðar.

Það er skiljanlegt að Dalabyggð skuli kanna leiðir til samstarfs við aðrar stofnanir eins og kemur fram í bréfinu að búið er að gera milli Silfurtúns og Fellsenda enda hefur rekstur mjög fámennra dvalar- og hjúkrunarheimila verið erfiður um árabil. Það er ekki er útlit fyrir að þörfin fyrir dvalar- og hjúkrunarrými á svæðinu muni aukast þar sem íbúum fækkar heldur og stefna stjórnlvalda er að fólk búi heima eins lengi og mögulegt er með aukinni félagslegri heimajónustu og heimahjúkrun.

Undirrituð hvetur Dalabyggð til að leita frekari leiða til samstarfs við önnur dvalar- og hjúkrunarheimili og bendir á að þar sem aðeins eru 20 km á milli Silfurtúns og Fellsenda væri vert að skoða betur möguleg tækifæri í að sameina yfirstjórn, matseld, innkaup og þvottahús og e.t.v. fleira á þessum tveimur heimilum.

Virðingarfyllst,



Jóhanna F. Jóhannesdóttir  
forstjóri HVE